

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Gjald skal taka sérstaklega komi til haustskoðunar, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjár-
eftirlit o.fl. og skal miðað við að það sé heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.500 með
virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 6.500 með
virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr.
10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitar-
félagsins í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr.
laga nr. 103/2002 um búfjárefirlit o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem
nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu
neysluverðs án húsnæðis miðað við 1. nóvember hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og
tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. janúar 2010.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Arnór Snæbjörnsson.